

### Aðalfundur

Útvegsmannafélags Reykjavíkur verður haldinn í Tjarnarbúð á morgun, laugardag 25. nóvember kl. 2 e.h.

Venjuleg aðalfundarstörf.  
Önnur mál.

STJÓRNIN.



MORGUNBLAÐIÐ

### Félagsheimili Kópavogs

Dansleikur í kvöld kl. 9—1.

### EYJAPEYJAR

leika. — Aldurstakmark 16 ára.

Félagsheimili Kópavogs.



### Hjómsveit

### Pórs Nilsen

Söngkona Helga Sigþórsdóttir.

Sími 19636.

Kvöldverður framreiddur frá kl. 6.

### Unglingadansleikir

að Frikirkjuvegi 11.

Föstudagskvöld kl. 8.30—11.30, fyrir 15—17 ára.

Sunnudag kl. 4—7 fyrir 13—15 ára.

### Fjarkar leika

Æskulýðsráð Reykjavíkur.



### AKUREYRI KJÖRBINGÓ

Varðar-kjörbingó verður í Sjálfstæðishúsinu n.k. sunnudagskvöld, 26. nóv., og hefst kl. 20.30 stundvíslega.

Bingóvinningar eftir vali m.a. hjónarúm með dýnum, borðstofuborð og 6 stólar, svefnsofasett, sófaborð, innskotsborð, gærukollar o.m.fl., allt húsgögn frá Bólstruð húsgögn h.f.

Á eftir verður dansað til kl. 01. Hjómsveit Ingimars Eydal, Helena og Þorvaldur skemmta.

Forsala aðgöngumiða verður í skrifstofu Sjálfstæðisflokksins, Hafnarstræti 101 (Amorhúsinu) II., sama dag kl. 14—15. Aðgöngumiðasalan í Sjálfstæðishúsinu verður opnuð kl. 19 ef miðar verða enn eftir.

VÖRDUR F. U. S.

sig: „Ef mín eigin móðir þekkir mig ekki, þá er úti um allt“.

Hann kom heim til sín og hringdi dyrabjöllunni þrisvar sinnum. Þá kom mamma hans loks til dyra. Hún horfði þegjandi á Pétur. Pétur þagði líka, gráa skeggið hans fór að titra og tár komu fram í augu hans.

„Hvað get ég gert fyrir þig, gamli maður?“ spurði loks móðir hans.

„Þekkirðu mig ekki?“ hvíslaði Pétur.


„Ég er hrædd um ekki“, sagði móðir hans.

Pétur sneri þá í burtu hryggur og órvæntingafullur. Hann gekk um og hugsaði:

„Ég er bar aumur, gamall maður. Engin mamma, engin börn eða barnabörn, og ég á ekki einn einasta vin. Og ég sem hefji ekkert lært. Raunverulegir gamlir menn eru lækna- eða iðnaðarmenn eða kennarar. Hvað get ég gert — skólastrákur, sem hefi verið aðeins þrjú ár í skóla? Og þar að auki var ég slæmur nemandi. Ó, hvað á ég að gera? Hvernig endar þetta allt saman?“

Og hann gekk og gekk og tók ekki einu sinni eftir því að hann var kominn út úr borginni og inn í skóg. Hann gekk þangað til það var komið kol-svarta myrkur.

„Ég ætti nú að hvíla mig stundarkorn“, hugsaði hann. Og þá sá hann skyndilega lítið hvítt hús milli furutrjána. Hann gekk inn — það var enginn í húsinu. Í miðju



#### HVER Á HVADA DÝR?

Reyndu að koma hverju dýri til síns rétta eiganda. Landslagið og klæðnaður eigendanna á að geta hjálpað þér.

herberginu var borð með fjórum stólum í kring og yfir borðinu hékk lamýi. Á veggnum var stór klukka. Og í einu horninu var heyhruga. Pétur lagðist niður í heyið, gróf sig djúpt inn í hrúguna svo að honum yrði ekki kalt og sofnaði hann nú vonbráðar.

Þegar hann vaknaði lagði hann á lampanum og í kringum borðið sátu fjögur börn. Fyrir framan þau á borðinu var stór talnatafla. Þau töldu og muldruðu:

„Tvö ár og fimm og

önnur sjö og þrjú. . . það er fyrir þig, herra, og þessi fyrir þig frú, og þessi fyrir þig“.

Hvaða börn voru þetta? Hvers vegna voru þau svo drungaleg? Hvers vegna muldruðu þau og stundu svona eins og gamalt fólk?

Hvers vegna kölluðu hvert annað herra og frú? Hvað voru þau að gera þessu litla húsi um miðja nótt?

Pétur lá grafkyrr, þordi varla að draga andann og reyndi að hlusta vel. Það sem hann heyrði

gerði hann skelkaðan. Því að börnin sem sátu við borðið voru ekki börn heldur vondir galdramenn. Galdramenn þessir söfnuðu tímanum sem fólkíð sóaði, og þeir yngdust um leið og fólkíð varð eldra. Þetta útskýrði það hvers vegna Pétur varð allt í einu svona gamall. Og hann uppgötvaði að hann var ekki sá eini — heldur var annar drengur og tvær telpur úr skólanum hans sem líka höfðu elzt án þess að taka eftir því.

Og galdramennirnir töldu og skiptu á milli sín árunum sem börnin höfðu sóað. Þeir luku nú við að telja. Foringinn tók tölnotöfluna og gekk að klukkunni á veggnum. Hann sneri vísunum, tögði í dingulinn, hlustaði á tífíð í klukkunni og byrjaði að telja aftur á bak. Hann muldraði og taldi þar til klukkan benti á miðnætti. Síðan ruglaði hann öllu aftur. Því næst sneri hann sér að hinum galdramönnum um og hvíslaði:


„Galdramenn, vitið þið að börnin sem við breyttum í gamalt fólk í dag geta aftur orðið ung“.

„Hvernig?“ spurðu galdramennirnir.

„Ég skal nú segja ykkur það“, svaraði foringinn.

Hann gekk fyrst út fyrir til að athuga hvort nokkur væri á hleri, kom síðan inn aftur, lokaði dyrunum og setti slá fyrir.

Pétur lá grafkyrr og



529-67

#### HVADA TVEIR BLETTIR ERU EINS?

Reyndu að sjá, hvaða blettir eru eins á kútnum hans Óla og hennar Siggú litlu. Þú getur fengið þér gagnsæjan pappír, teiknað blettina upp og síðan reynt að finna þessa tvo, sem eru eins.

Ráðningin kemur í næsta blaði.

stífur af ótta. En ljósið frá lampanum var svo dauft að vondu galdramennirnir sáu hann ekki.

Foringinn safnaði þeim nú í kringum sig og hvíslaði:

Framh. í næsta blaði.